



Tölvunarfræði BSc

Lokaverkefni

Notendaprófanir 2

Teymi

Fannar Þór Ragnarsson

Sóley Ásgeirsdóttir

Steinar Haraldsson

Steinþór Kolbeinsson

Kennari

Hallgrímur Arnaldsson

Leiðbeinandi

Birgir Kaldal Kristmannsson

Prófdómari

Árni Fannar Þráinsson

Haust 2018

Efnisyfirlit

1 Inngangur	2
2 Notendaprófun	2
3 Þátttakendur	3
4 Verkefni	4
4.1 Verkefni eitt	5
4.2 Verkefni tvö	5
4.3 Verkefni þrjú	6
5 Niðurstöður	7
5.1 Niðurstöður úr viðtalsspurningum	7
5.2 Niðurstöður prófana	8

1 Inngangur

Eftir notendakönnunina sem teymið framkvæmdi í september voru gerðar breytingar á hönnun smáforritsins í samráði við verkkaupa og hönnuð. Eftir breytingarnar var ákveðið að gera aðra notendakönnun svo hægt væri að sjá hvort fyrri breytingar væru í raun að skila sér. Teymið greip hugsanlega notendur af handahófi innan veggja Háskólans í Reyjavík og bað þá að leysa verkefni. Þegar verkefnið voru búin voru tekin létt spjöll þar sem notendur fengu að koma með athugasemdir.

2 Notendaprófun

Notendaprófanirnar voru framkvæmdar á tímabilinu 20. nóvember - 26. nóvember 2018.

Teymið fann viðmælendur og spurði þá hvort þeir væru til í að taka þátt í könnun á Film Iceland smáforriti. Prófanirnar fóru fram á iPhone X hermi í tölvu. Byrjað var á því að taka niður upplýsingar um notandann, aldur, kyn og tölvukunnáttu. Næst var verkefnið kynnt fyrir notandanum og hvað smáforritið ætti að gera, eftir það voru lögð fyrir þrjú verkefni sem notandi átti að leysa. Það fyrsta sem notandinn sá var aðalvalmynd forritsins, sem er kort af Íslandi og með merktum (e. marker) tókustöðum. Eftir þetta var notandinn spurður opinna spurninga þar sem hann gat sagt sínar skoðanir og komið með tillögur að breytingum.

Sóley var spyrill og Steinar skrifaði niðurstöðurnar hjá sér. Hvert og eitt viðtal tók um það bil tíu mínútur.


3 Þátttakendur

Þátttakandi	Kyn	Aldur	Tölvukunnátta
Þátttakandi 1	Kona	22	Góð
Þátttakandi 2	Kona	27	Í meðallagi
Þátttakandi 3	Karl	24	Góð
Þátttakandi 4	Karl	23	Góð
Þátttakandi 5	Kona	22	Í meðallagi
Þátttakandi 6	Karl	25	Góð

4 Verkefni

Verkefni: Notandi á að fá upp upplýsingar um tókustað. Notandi á að smella á tókustað og opna nýja valmynd fyrir valdan tókustað.

Viðmiðun: Notanda tekst að opna skjámynd fyrir tókustað.



Mynd 1 - Opnar skjámynd fyrir tókustað


4.1 Verkefni eitt

Niðurstaða: Verkefnið gekk mjög vel og náðu allir viðmælendur nema einn að ljúka við verkefnið. Viðmælendum fannst þetta skýrt og augljóst hvernig ætti að hreyfa sig innan smáforritsins.

4.2 Verkefni tvö

Verkefni: Notandi á að fá upp vegvísi fyrir tökustað. Notandi á að smella á tökustað, opna nýja valmynd fyrir valdan tökustað. Þar á notandinn að smella á vegvísi.

Viðmiðun: Notanda tekst að opna skjámynd fyrir tökustað og ýta á vegvísi.




Mynd 2 - Notandi fær leiðarvísi að tökustað

Niðurstaða: Niðurstöðurnar voru mjög góðar þar sem allir viðmælendur náðu að klára verkefnið.

4.3 Verkefni þrjú

Verkefni: Notandi á að finna spurningaleik fyrir valda mynd. Notandi á að smella á tókustað og opna nýja valmynd fyrir valdan tókustað. Þar á notandinn að smella á spurningaleikinn (e. trivia) til þess að fá upp spurningaleikinn.

Viðmiðun: Notanda tekst að opna skjámynd fyrir tókustað, ýta á spurningaleik.



Mynd 3 - Notandi fær leiðarvísi að tókustað

Niðurstaða: Niðurstöðurnar voru mjög góðar þar sem allir viðmælendur náðu að klára verkefnið.

5 Niðurstöður


5.1 Niðurstöður úr viðtalsspurningum

Notendur höfðu ekki mikið að segja í lok viðtals, þó fannst flestum smáforritið líta vel út og þægilegt að ferðast innan þess. Það komu ekki upp neinar nýjar hugmyndir en það komu nokkrar athugasemdir.

- Notanda fannst skrítið að listinn í hamborgaravalmyndinni hétu A - Z.
- Notandi fattaði ekki strax að allar upplýsingar væru að finna um ákveðna mynd þegar smellt væri á hana.
- Notandi segir að hann hefði ekki fattað hvar spurningarleikur fyrir hverja og eina mynd væri að finna ef hann hefði ekki séð það úr fyrri verkefnum.
- Notanda finnst að það mætti vera einhverskonar yfirlit fyrir spurningarleikinn í hamborgaravalmynd.

5.2 Niðurstöður prófana

Hlutfall Leystra Verkefna



Klárað án vandræða				
	Verkefni 1	Verkefni 2	Verkefni 3	Hlutfall leystra verkefna
Viðmælandi 1	Já	Já	Já	100%
Viðmælandi 2	Nei	Já	Já	67%
Viðmælandi 3	Já	Já	Já	100%
Viðmælandi 4	Já	Já	Já	100%
Viðmælandi 5	Já	Já	Já	100%
Viðmælandi 6	Já	Já	Já	100%
Hlutfall leystra verkefna	83%	100%	100%	